

# Skýrsla stjórnar á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins 23. maí 2024

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins, bæði þið sem hér sitjið og þið sem fylgist með fundinum í streymi.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi í lífeyrismálum og verið öllum opinn sem séreignarsjóður svo og valkostur fyrir þau sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld sín til. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármála fyrirtæki og hefur það fyrirkomulag gefið Frjálsa ákveðna sérstöðu á markaði.

Sjóðfélagar Frjálsa hafa einstaka yfirsýn yfir lífeyrissparnað sinn í Arion appinu sem er öllum sjóðfélögum aðgengilegt óháð því hvort þeir kjósi að vera með bankaviðskipti sín við Arion. Þar er t.d. hægt að fylgjast með ávöxtun, heildarstöðu og áætlaðri inneign við starfslok. Þar er einnig hægt að framkvæma fjölbreyttar aðgerðir, allt frá því að hefja sparnað, í að sækja um útgreiðslu séreignar og sækja hreyfingayfirlit.

Við breytingar á lögum í fyrra varð lífeyrissjóðum heimilt að senda yfirlit til sjóðfélaga með rafrænum hætti í stað yfirlits tvisvar á ári á pappírformi. Yfirlit er hægt að nálgast bæði á mínum síðum á vef Frjálsa og í appinu hvenær sem er en einnig er hægt að óska eftir að fá yfirlitin send á pappírformi. Þetta er í takt við þær almennu breytingar sem eru að verða á upplýsingagjöf og samskiptum. Það er reynsla okkar að einn mikilvægur hluti góðrar þjónustu í dag er að gera upplýsingar aðgengilegar öllum sjóðfélögum hvenær sem er. Vert er að nefna aðrar breytingar á lögum um lífeyrissjóði þar sem lágmarksíðgjald hækkaði úr 12% í 15,5% 1. janúar 2023 og útgreiðslur annarra tegunda séreignar en hefðbundins viðbótarlífeyrissparnaðar eru ekki lengur undanþegnar skerðingum á greiðslum frá almannatryggingum. Greinagóðar upplýsingar um hvaða séreign skerðir og hvenær útgreiðsla getur hafist, er meðal annars að finna í appinu.

Flestum finnst lífeyriskerfið flókið og þessar breytingar urðu ekki til að einfalda það. Það er markmið stjórnar sjóðsins að gera upplýsingar aðgengilegar flestum hvenær sem er og því er upplýsingum reglulega bætt við á vef Frjálsa og uppfærðar í appi, ef við á. Þá má nefna að Frjálsi hefur í samvinnu við rekstraraðila staðið reglulega fyrir opnum fræðslufundum um ávöxtun, sérstöðu sjóðsins og útgreiðslur.

Meðal þess sem Frjálsi hefur samið um í tengslum við fyrirkomulag núverandi rekstrar er þjónusta öflugrar tækni- og þróunardeildar Arion banka. Eitt af þeim atriðum sem fellur undir rekstraráhættu og verður sífellt fyrirferðameira í daglegum rekstri er upplýsingatækniáhætta og öryggismál. Rekstrarsamningur sjóðsins við Arion banka hefur um árabil verið birtur á vef Frjálsa, en árlega er unnið í honum þannig að hagræðing hjá Arion komi sjóðnum til góða. Umsýsluþóknun sjóðsins til Arion skiptist í tvennt, annars vegar föst fjárhæð sem breytist með launavísitölu fjármála- og váttryggingastarfsemi og hins vegar hlutfall af hreinni eign sjóðsins. Þannig samdi stjórn Frjálsa við Arion um lækkun hlutfallsþóknunarinnar um 0,006 prósentustig í byrjun árs 2023 og aftur í byrjun árs 2024. Umsýsluþóknunin í heild var 0,17% af hreinni meðaleign sjóðsins á árinu 2023 en með öðrum rekstrarkostnaði var kostnaðarhlutfallið 0,20%.

Útvistun rekstrar gerir þá kröfu á stjórn og rekstraraðila að fullt traust ríki á milli aðila og er gott að geta staðfest að svo sé.

## ÍL sjóður (áður Íbúðalánasjóður)

Hlutverk lífeyrissjóða er fyrst og fremst að taka við iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau, greiða út lífeyri og hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Hlutverk sem við sem sitjum í stjórnnum lífeyrissjóða og vinnum með málefni þeirra tökum alvarlega og vinnum eftir.

Meðal „traustustu“ fjárfestingarkosta sem standa lífeyrissjóðum til boða hafa talist vera skuldabréfaútgáfur með ábyrgð ríkisins. Fjárfestingar sem eru vænlegar langtímafjárfestingar,



fjárfestingar sem koma vel til móts við langar verðtryggðar skuldbindingar sjóðanna, eru gagnsæjar, seljanlegar og traustar.

Í október 2022 gaf fjármála- og efnahagsráðherra út yfirlýsingu þess efnis að vegna slæmrar stöðu Íbúðalánasjóðs væri best að ná samkomulagi við eigendur bréfanna um uppgjör og slit sjóðsins. Jafnframt, að ef ekki gengi að semja væri sá möguleiki til staðar að slíta sjóðnum með lagasetningu og ráðstafa eignum hans til skuldauppgjörs. Síðan þá eru málefni Íbúðalánasjóðs enn óleyst.

HFF bréfin eru verðtryggð með 3,75% vöxtum og skv. skilmálum bréfanna er ekki heimilt að greiða þau hraðar upp en samningsbundnir gjalddagar segja til um. Bréfin eru að mestu í eigu lífeyrissjóða og verðbréfasjóða, m.a. Frjálsa lífeyrissjóðsins. Bréfin eru úppgreiðanleg, verðtryggð og með langan lokagjalddaga sem hentar vel löngum verðtryggðum skuldbindingum lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðir hafa haft samstarf við að gæta hagsmuna sinna í málinu og leitað utanaðkomandi ráðgjafar og það sama gerði fjármálaráðuneytið þegar það fól þremur fyrrverandi hæstaréttardómurum að gera minnisblað sem andsvar við athugasemdum lífeyrissjóða um frumvarpsdrög til laga, um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Frumvarpið sem var lagt fram af fjármála- og efnahagsráðherra um miðjan febrúar er enn óafgreitt úr þingi. Frjálsi og aðrir lífeyrissjóðir hafa frá upphafi lagt áherslu á að uppgjör HFF bréfanna miðist við fullar efnidir.

## Ávöxtun

Árið 2023 einkenndist af töliverðum sveiflum, bæði á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Mikil óvissa um verðbólguhorfur og þróun vaxta var í forgrunni en áframhaldandi stríðsástand setti einnig sinn svip á markaði. Þær fjárfestingarleiðir Frjálsa sem vega þyngst í erlendum hlutabréfum skiluðu hæstu ávöxtun á árinu en nafnávöxtun fjárfestingarleiða var á bilinu 5,9% til 8,4% en sökum þrálátrar verðbólgu var raunávöxtun ekki há eða um -2,0% til 0,4%. Á síðasta ári skildi nokkuð á milli ávöxtunar innlendra og erlendra hlutabréfamarkaða því úrvalsvísitala Kauphallar Nasdaq á Íslandi lækkaði um 1,6% en til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 21,8% í bandaríkjadal en 16,6% í íslenskum krónum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur undanfarin ár aukið vægi og breidd erlendra eigna en einnig hefur verið lögð áhersla á að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu sem mest og stuðla þannig að hærri langtímaávöxtun.

Í ljósi jarðhræringa sem hafa verið á Reykjanesi er rétt að greina frá því að Frjálsi lífeyrissjóðurinn á eignir á Reykjaneskaga, m.a. í HS veitum hf. í HS orku hf. og Bláa lóninu. Nema fjárfestingar á svæðinu um 11.400 milljónum. kr. sem svarar til 2,5% af heildareignum Frjálsa. Rétt er að taka fram að ávöxtun þessara eigna í formi arðgreiðslna og verðhækkanna hefur verið góð frá upphafi. Þessar eignir hafa ekki verið endurmetnar með tilliti til áhrifa af jarðhræringum undanfarinna mánaða. Fyrir liggur að í slíka vinnu verði farið þegar viðkomandi upplýsingar liggja fyrir, en óljóst er hver áhrifin verða til lengri tíma. Auk þessara eigna eru sjóðfélagalán í Grindavík og falla þau undir gildissvið laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, samtals um 63 milljónir króna.

Í kynningu á ársreikningi ársins 2023 hér á eftir, verður nánar farið yfir ávöxtun sjóðsins, og ávöxtun það sem af er ári, ásamt lykiltölum.

## Tryggingafræðileg staða

Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1. janúar 2023 en þær byggja á breyttum forsendum um lífslíkur sem gera ráð fyrir að meðalævi yngri árganga, verði hærri en eldri árganga.

Í árslok 2023 voru eignir umfram áunnar skuldbindingar -8,8% en framtíðarstaða 1,5%. Heildareignir umfram heildarskuldbindingar var -3,5%. Áunna staðan hækkaði um 1,6 prósentustig á milli ára, framtíðarstaðan hækkaði um 0,3 prósentustig og heildarstaðan hækkaði um 0,9 prósentustig.

Heildarstaðan er innan hámarks vikmarka sem lög mæla fyrir um svo ekki þarf að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun hér á eftir gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.



## Hrein eign og stækkun

Sjóðfélagar Frjálsa voru í lok árs 2023 tæplega sjötíu þúsund og fjölgaði þeim um rúmlega 2.800 á árinu. Stærð sjóðsins um áramót var rétt rúmlega 454 milljarðar en sjóðurinn stækkaði um 54 milljarða eða um 13,5 prósent. Heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld árið 2023 var 26.401, rúmlega 1.500 fleiri en árið 2022. Frjálsi er fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

## Fjárfestingar- og hluthafastefna

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Samkvæmt lögum skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem er að finna í stefnu Frjálsa um ábyrgar fjárfestingar. Hluthafastefna Frjálsa markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er birt á heimasíðu sjóðsins og þar er hægt að kynna sér hana nánar.

Síðustu ár hefur Frjálsi lagt áherslu á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna og á móti hefur verið dregið úr vægi innlendra eigna. Í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2024 er haldið áfram á þessari vegferð með aukningu í erlendum hlutabréfum og erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Erlendar eignir þykja áhættumeiri en innlend skuldabréf og er því áhættustigið aukið lítillega en þó mismikið eftir fjárfestingarleiðum. Breytingarnar eru til þess fallnar, að mati stjórnar, að stuðla að hærri langtímaávöxtun.

Annar þáttur sem hafa þarf í huga við fjárfestingarákvarðanir eru að fjárfestingarnar séu ábyrgar með UFS þættina sem leiðarljós, en það eru þættir sem snúa að umhverfinu, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Aðalmarkmið að baki hugmyndafræði ábyrga fjárfestinga er að stuðla að jákvæðum áhrifum, draga úr áhættu og skila sjálfbærri langtímaávöxtun.

Mikil eftirspurn og krafa er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til, að fjárfestingar í umhverfisvænum lausnum geti skilað góðri langtímaávöxtun.

Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar telur stjórn sig sýna vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum og viðhafa góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvarðanir.

Eins og áður hefur komið fram er lögð á það áhersla í starfsemi Frjálsa lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum og launagreiðendum þeirra framúrskarandi þjónustu.

Árlega er gerð könnun á viðhorfi sjóðfélaga til lífeyrissjóða sem þeir greiða í og hefur Frjálsi fengið framúrskarandi niðurstöður í flestum lykilþáttum könnunarinnar á undanförunum árum.

## Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja tvær tillögur um samþykktarbreytingar frá stjórn. Þetta eru breytingar um tilhögun lífeyrisgreiðslna annars vegar og hins vegar um gildistöku breytinga á samþykktum. Samþykktarbreytingar og rökstuðningur fyrir þeim verða kynntar hér á eftir af Kristínu Ragnheiði Eiríksdóttur og kosið um þær rafrænt sem gerir þeim sem fylgjast með í streymi kost á að taka þátt.

Kosning í stjórn og varastjórn hefur nú þegar farið fram rafrænt og verða úrslit kynnt hér á eftir. Kosning hófst fyrir viku og lauk nú klukkan fimm.

Góðir fundargestir, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári, framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum mínum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar